

## **Forvarnarstefna Borgarbyggðar**

### *Í málefnum barna til 18 ára aldurs*

Forvarnarstefna Borgarbyggðar leggur áherslu á fjölskylduna, skólann, skipulagt félagsstarf og heilsueflandi samfélag. Forvarnarstefnan leggur einnig áherslu á jöfn tækifæri barna, vellíðan, sterka sjálfsmynd og heilbrigðan lífsstíl.

### **Markmið með forvarnarstefnu**

Lykilaðilar í forvörnum í Borgarbyggð, svo sem stofnanir og félagasamtök sem eiga samstarfssamning við sveitarfélagið, skulu skilgreina hlutverk sitt á þessu sviði og setja sér stefnu í forvörnum sem er í samræmi við forvarnarstefnu Borgarbyggðar. Þar þarf að koma fram meðal annars hvernig framkvæmd áætlunarinnar sé háttað og þá þurfa meginmarkmið Borgarbyggðar einnig að nást.

Þau eru:

- \* Að auka markvisst forvarnarstarf og samstarf þeirra aðila sem hafa með málefni barna að gera.
- \* Styðja við starfsemi félagasamtaka sem sinna fjölskyldu og barnastarfsemi.
- \* Að forvarnir verði skipulagður þáttur í starfi félaga og stofnanna sem koma að málefnum barna og unglunga í sveitarfélaginu.
- \* Auka öryggi og stuðla að jákvæðu, heilbrigðu og uppbyggjandi samfélagi.
- \* Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.

### **Markmið/ leiðarljós**

- \* Vinna að því að styrkja og efla sjálfsmynd barna og sjálfstæði
- \* Að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, til dæmis með námskeiðum, fundum og fræðsluefni sem og samráði og samvinnu þeirra á milli þar sem foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum.
- \* Að efla uppeldis- og forvarnarhlutverk íþróttafélaga og annarra félaga sem starfa með börnum og unglingum.
- \* Að þátttaka, ábyrgð og virkni séu lykilorð í starfi félagsmiðstöðva ungs fólks. Þar skal unnið að viðfangsefnum sem styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Félagsmiðstöðvar skulu sérstaklega reyna að ná til þeirra sem ekki stunda annað skipulagt tólmundastarf og þeirra sem tilheyra jaðarhópum.
- \* Að stuðla að fræðslu um forvarnir og lýðheilsu sem víðast í sveitarfélaginu, svo sem í skólum og á vinnustöðum.

- \* Að foreldrafélög geti tekið markvissan þátt í vinnu að forvörnum, meðal annars með fræðslufundum og samstarfsfundum.
- \* Að markviss fræðsla verði fyrir foreldra um netnotkun og viðfangsefni barna í hinum rafræna heimi.
- \* Að unnið verði náið að forvarnarstarfi með lögreglu.
- \* Að gerðar verði rannsóknir og kannanir sem nýtast til stefnumótunar og til að meta hvernig hefur til tekist í forvarnarstarfinu.

### **Framkvæmd**

Starfsmaður fjölskyldusviðs sem fer með forvarnarmálin í sveitarfélaginu, mun hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnunnar. Haldnir verða reglubundnir samstarfsfundir þar sem þeir sem vinna að forvarnar-, lýðheilsu- og uppeldismálum miðla upplýsingum og undirbúa samstarfsverkefni.

Félög sem sinna íþróttá-, menningar- og æskulýðsmálum og njóta styrkja frá sveitarfélaginu geri forvarnaráætlanir og sinni forvörnum með markvissum hætti.

Allar samkomur og skemmtanir sem börn hafa aðgang að skulu vera vímuefnalausar. Þær eiga að vera á forsendum barna og í forsjá aðila sem hafa þekkingu og reynslu af starfi með börnum í húsnæði við hæfi.

- \* Kynfræðsla verður í boði reglulega.
- \* Forvarnarverkefni – ár hvert vinna börn á unglíngastigi grunnskólanna með þema og útbúa slagorð sem m.a. má prenta á boli.
- \* Styðja við virkni og ábyrgð barna, meðal annars með því að styðja við forvarnarverkefni lykilaðila í forvörnum.
- \* Vera með fræðslu fyrir börn og foreldra að minnsta kosti einu sinni á önn.
- \* Vekja athygli á útivistartíma barna.

### **Lykilaðilar í forvörnum**

Skólar sveitarfélagsins, félagsmiðstöðvar, foreldrafélög, félagsþjónusta, heilsugæsla, íþróttafélög, lögreglan, trúfélög, félagasamtök, ungmennasambandið og nemendafélög.

Stefnan skal endurskoðuð árlega.

Staðfest í sveitarstjórn Borgarbyggðar 12.12.2019